

## Umhverfis- og samgöngunefnd

Fundur 18. apríl 2024

Mætt: Jakob, Helena, Helgi, Svanhvít og Halla.

1. Stóri plokkgalurinn 28. apríl í Flóahreppi.  
Flóaplokk 2024. Gera viðburð og stemningu á Facebook. Pósta inni á Bændur í Flóahreppi. Allir sem taka þátt pósta myndum á viðburðinn og verðlaun verða veitt fyrir þrjár flottustu plokkmýndirnar. Ath. hvort sveitarfélagið sé til í að veita verðlaun/viðurkenningar.
2. Loftslagsdagurinn 28. maí 2024  
Þegar frekari upplýsingar um viðburðinn koma, þá ræðum við um það hver ætla að taka þátt.
3. Hreinsunardagar 13.-17. maí, frítt að koma með úrgang til endurvinnslu í Hrísmýri. Þarf að auglýsa í Áveitunni, heimasíðu Flóahrepps og Bændur í Flóahreppi. Mögulega tala við Viðar Bergsson um að auglýsa sína þjónustu í Áveitunni.
4. Samgöngumál:  
Nefndin ítrekar það sem kemur fram í fundargerð hennar frá 21. september 2023 í lið 3. og 7. varðandi vegamál. Enn fremur leggur nefndin til að áttak verði gert í lagfæringu malarvega þar sem ástandið á þeim er óviðunandi.  
  
Nefndin fer fram á að lýsing verði sett við vegamót Villingaholtsvegar og Þjóðvegar nr.1, Suðurlandsvegar. Enn fremur fer nefndin fram á betri merkingar á umræddum vegamótum.  
  
Nefndin fer fram á að vegakerfið í Flóahreppi verði uppfært þannig að fleiri vegir verði merktir sem aðalbrautir eftir því sem við á.
5. d) Íbúafundurinn sem haldinn var 26. mars 2024. Nefndin telur að þessi fundur hafi ekki verið nægjanlega auglýstur og að nefndarmenn allra nefnda sveitarfélagsins hefðu átt að vera sérstaklega upplýstir og boðaðir.

Jakob Nielsen  
Halla Kjartansdóttir  
Svanhvít Fernamsmóð,  
Helgi Sigurðsson  
Helena Hólm.